





MENNTUN MINNA VIRÐI HJÁ SVEITARFÉLÖGUM

Allnokkur launamunur virðist vera milli markaða hjá háskólamenntuðum sérfræðingum miðað við tölur frá árinu 2020. Munurinn er mestur hjá sveitarfélögum sem greiða 40% lægra tímakaup að jafnaði til sérfræðinga en fyrirtæki á almennum markaði. Hér hallar verulega á konur en 83% sérfræðinga hjá sveitarfélögum eru konur skv. úrtaksramma launarannsóknar Hagstofunnar. Mikilvægt er að ríki og sveitarfélög vinni að endurmati á störfum kvenna á íslenskum vinnumarkaði. Horfa ætti þar m.a. til nýrra tillagna starfshóps forsætisráðherra um endurmat á virði kvennastarfa og samkomulags um jöfnun launa. Stefna þarf að þjóðarsátt á nýju kjörtímabili um að menntun allra verði metin til launa í samræmi við þjóðhagslegt mikilvægi starfa, óháð kyni.

Fullvinnandi sérfræðingar verulega undirverðlagðir hjá sveitarfélögum

Á árinu 2020 voru regluleg heildarlaun fullvinnandi sérfræðinga* á almennum markaði 956 þús. kr. á mánaðargrundvelli samanborið við 824 þús. kr. hjá ríkinu og 620 þús. kr. meðal sveitarfélaga. Sé horft til reglulegra heildarlauna á greidda vinnustund** má sjá að 25% launamunur er milli almenns markaðar og ríkisins í sérfræðistörfum og 40% milli almenns markaðar og sveitarfélaganna. Sterk fylgni virðist vera milli lágs launastigs og hlutdeildar kvenna í störfum en samkvæmt úrtaksramma launarannsóknar Hagstofunnar eru 83% starfandi sérfræðinga hjá sveitarfélögum konur***. Margir þessara sérfræðinga eiga langt háskólanám að baki og sinna þjóðhagslega mikilvægum störfum á við þroskajálfun, iðjubjálfun, félagsráðgjöf, sálfræðiþjónustu og kennslu í grunnskólum, svo fátt eitt sé nefnt.



Heimild: Hagstofa Íslands

*Regluleg heildarlaun eru greidd mánaðarlaun fyrir umsaminn vinnutíma ásamt álags-, bónus- og kostnaðargreiðslum og tilfallandi yfirvinnu. Í einhverjum tilfellum geta greiddar stundir gefið ónákvæma mynd af raunverulegum vinnutíma og þá sérstaklega þegar pakkalaun eru ráðandi form.

**Hér er átt við bálkinn „Sérfræðingar“ í ÍSTARF95. Stjórnendur eru ekki inn í þessum flokki.

*** Kynjahlutföll eru háð úrtaksramma launarannsóknar Hagstofunnar.

Taka þarf höndum saman til að jafna laun

Árið 2016 sömdu ríki, sveitarfélög og heildarsamtök launafólks um að kjör launafólks á opinberum og almennum vinnumarkaði yrðu jöfnuð eins og kostur er. Markmiðið var að tryggja að ekki yrði kerfislægur launamunur milli markaða til frambúðar. Jöfnunin átti að eiga sér stað á 6-10 árum sem þýðir að henni á að vera lokið árið 2026 í síðasta lagi. Erfiðlega hefur þó gengið að ná samkomulagi m.a. um bætt kjör kvennastétta. Stefna ætti að þjóðarsátt um endurmat starfa á íslenskum vinnumarkaði í samstarfi ríkis og sveitarfélaga. Sveitarfélögin geta illa axlað ábyrgðina ein án þess að hækka skatta eða auka lántöku en hafa ber hér í huga að laun námu 65% af skatttekjum sveitarfélaga á árinu 2020 samanborið við 36% hjá ríkinu.

